**Ed.** **893. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 8. september.

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

(Till. til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu á þgskj. 696.)

Með því að deildin lítur svo á, að undirbúningur sá, er mál þetta hefir fengið, sje ónógur, til þess að ráðlegt sje að láta almenna atkvæðagreiðslu kosningarbærra manna í landinu fara fram um það, samhliða næstu almennum kosningum, þá álítur hún tillögu þessa of snemma fram komna, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.